


U.S.V.H.



**Handbók
Ungmennasambands
Vestur – Húnvetninga
2023-2027**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Um USVH	4
Tilgangur USVH	4
Aðildarfélag USVH.....	5
Stjórnskipulag USVH	7
Skipurit USVH	7
Stjórn	7
Skyldur og réttindi stjórnar USVH	8
Formaður	9
Varaformaður.....	9
Gjaldkeri.....	9
Ritari	10
Meðstjórnandi.....	10
Varastjórn.....	10
Framkvæmdastjóri.....	10
Vinnureglur stjórnarfundar USVH.....	11
Fundir	11
Dagskrá fundar	11
Fundargerðir.....	11
Formannafundir USVH	12
Starfsumhverfi.....	12
Stefna USVH 2023 - 2027	12
Íþróttaleg stefna	12
Félagsleg stefna	12
Fjármálaleg stefna.....	13
Stefna í umhverfismálum.....	13
Stefna íþróttapjálfunar	13
Stefna í fræðslu og forvarnarstarfi	14
Stefna í jafnréttismálum.....	15
Siðareglur USVH.....	15
Hegðunarviðmið USVH.....	16
Hegðunarviðmið fyrir þjálfara.....	16
Hegðunarviðmið fyrir iðkendur.....	17

Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsmenn	18
Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila.....	19
Fjármálastjórnun	20
Stefna USVH í fjármálastjórnun	20
Samskipti við aðildarfélög	20
Lög USVH.....	20
Reglugerðir	23
Reglugerð um styrktarsjóð	23
Reglugerð um íþróttamann USVH	24

Inngangur

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga (USVH) er eins og nafnið gefur til kynna héraðssamband sem starfar eftir lögum og reglum Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Héraðssambandið starfar í Vestur-Húnavatnssýslu og hefur fjögur aðildarfélög sem starfa í fjölbreyttum íþróttagreinum. USVH hefur verið viðurkennt fyrirmyndarhérað af hálfu stjórnar ÍSÍ síðan 2019. Stjórn USVH hvetur öll aðildarfélög, sem eiga kost, til að verða fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Tengiliður milli aðildarfélaga og ÍSÍ vegna þeirra verkefna sem tengjast viðurkenningunni er Framkvæmdastjóri USVH.

Í þessari handbók er hægt að finna upplýsingar um innviði í starfsemi USVH. Hér er einnig að finna stefnu, vinnureglur, reglugerðir og lög USVH. Að auki má finna upplýsingar um hlutverk kjörinna fulltrúa og framkvæmdastjóra sambandsins.

Handbókin er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem aðstæður, lög og reglur breytast.

Um USVH

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga (USVH) var stofnað 28. júní árið 1931. Í upphafi bar USVH nafnið Samband ungmennafélaga í Vestur-Húnavatnssýslu skammstafað SUVH og var tilgangur sambandsins að vinna að því að sameina krafta hinna einstöku félaga (núverandi aðildarfélög). Félagsstarfssemi sambandsins efdi íþróttalíf og samkomur manna og kvenna í héraði frá upphafi. Samþykkt var á aðalfundi 12. apríl 1942 að sækja um inngöngu í UMFÍ. Árið 1956 var nafni sambandsins breytt í Ungmennasamband Vestur-Húnavatnssýslu, skammstafað USVH. Á 77. Héraðsþingi USVH 14. mars 2018 var nafni félagsins síðan breytt í Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga.

USVH hefur aðsetur á Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga en enginn sérstakur opnunartími er á skrifstofunni. Rekstur USVH byggist á framlögum frá Húnaþingi vestra og tekjum frá Íslenskri getspá (Lottó). Framkvæmdastjóri starfar í hlutastarfi.

Tilgangur USVH

Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku ungmenna og íþróttafélaga og koma fram sem samnefnari þeirra út á við.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná meðal annars með því:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð eða aðildarfélög USVH fara með stjórn séreignarmála innan héraðsins.

2. Að annast samstarf um íþróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
8. Að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nytsamt og þjóðlegt er svo sem íþróttir félagsmál og fleira.

Aðildarfélög USVH

Aðildarfélög USVH eru 4 talsins. Þau starfa öll innan sveitarfélags Húnaþings vestra. Í dag eru innan USVH stundaðar fjölmargar íþróttagreinar til dæmis:

- Knattspyrna
- Körfuknattleikur
- Blak
- Sund
- Frjálsíþróttir
- Hestaíþróttir
- Hestafimleikar
- Jiu-jitsu
- Kraftlyftingar
- Boccia

Aðildarfélög USVH eru:



Ungmennafélagið Grettir

Heimasíða: Má finna á facebook

Formaður: Elísabet Sif Gísladóttir

Sími: 845-3994

Tölvupóstfang: elisgis26@gmail.com

Stofnað 4. nóvember 1928



Ungmennafélagið Kormákur
 Heimasíða: Má finna á facebook
 Tölvupóstfang: kormakur@simnet.is
 Formaður: Hrund Jóhannsdóttir
 Sími: 772-4581
 Tölvupóstfang: hrund87@gmail.com
 Stofnað 11. desember 1955



Ungmennafélagið Víðir
 Formaður: Pétur Þröstur Baldursson
 Sími: 892-2569,
 Tölvupóstfang: thorukot531@simnet.is
 Stofnað 26. janúar 1930




Hestamannafélagið Þytur
 Heimasíða: thytur.123.is og má finna á facebook
 Formaður: Pálmi Geir Ríkharðsson
 Sími: 849-0752
 Tölvupóstfang: palmiri@ismennt.is
 Stofnað 26. febrúar 1950

Stjórnskipulag USVH

Í kaflanum má finna skipurit USVH ásamt skilgreiningum á hlutverki og skyldum kjörinna fulltrúa í stjórn USVH.

Skipurit USVH



Stjórn

Stjórn USVH er framkvæmdaraðili málefna sambandsins. Hún vinnur að málefnum þess og framfylgir samþykktum árþings. Stjórn USVH skipa fimm aðilar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og meðstjórnandi eru kosnir annað árið og varaformaður, gjaldkeri og ritari hitt árið. Þá skulu kosnir þrír varamenn í stjórn til eins árs í senn. Árlega eru einnig kosnir tveir skoðunarmenn reikninga ásamt fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.

Samkvæmt lögum USVH hefur stjórnin úrskurðarvald í öllum deilumálum sem upp koma á milli þinga. Úrskurði stjórnar má skjóta til næsta þings til fullnaðarúrskurðar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun sem árþingið hefur samþykkt. Stjórnin skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess.

Eitt af lykilatriðum fyrir farsælt starf stjórnar er að verkefnum sé skipt sem jafnast milli allra stjórnarmanna. Á þann hátt bera allir stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru og framkvæmdar. Hér reynir því á hæfileika formanns að deila verkefnum jafnt niður á alla stjórnarmenn svo þeir finni til ábygðar og séu þátttakendur í stjórnarstarfinu.

Skyldur og réttindi stjórnar USVH

- Stjórnarmenn kynni sér lög og samþykktir USVH og þeirra samtaka sem USVH er aðili að.
- Stjórnarmenn sækja stjórnarfundi. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur USVH og aðildarfélögum þess.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau málefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar innan stjórnar.
Vera vel að sér um starfsemi USVH og aðildarfélaga þess og vera vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.
- Hlíta og fylgja ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á lýðræðislegan hátt á fundi stjórnar.
- Vera vakandi fyrir og vekja athygli á mögulegum eða augljósum hagsmunaárekstrum sem áhrif geta haft á starfsemi USVH og stjórnarinnar og víkja þá sæti.
- Hver nýkjörin stjórn setji sér nánari vinnureglur, sem fjalla um fundarboðun, tímasetningu, lengd og dagskrá stjórnarfunda.
- USVH vinnur samkvæmt ákvæðum fyrirmyndarhéraða ÍSÍ um hvað varðar samskipti við aðildarfélög.
 - Stjórn USVH varðveiti og skipti á milli aðildarfélaga því fé sem veitt hefur verið í því skyni.
 - Stjórn USVH fylgist með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
 - Stjórn USVH staðfesti lög/lagabreytingar aðildarfélaga og haldi utan um staðfest lög félaga.
 - Stjórn USVH tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
 - Stjórn USVH boðar til aðalfundar aðildarfélaga ef þörf krefur.

Formaður

Helstu verkefni formanns eru:

- Að koma fram fyrir hönd USVH og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum.
- Að skipuleggja og boða stjórnarfundum, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá hverju sinni.
- Að sjá til þess að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfundum og ársþings sé framfylgt.
- Að sjá til þess að öllum erindum sem sambandinu berist verði afgreidd.
- Að sjá til þess að dagleg starfsemi sambandsins sé vel skipulögð og fari vel fram.
- Að virkja aðildarfélög og félagar til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaganna þess.
- Að hafa umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrir hönd sambandsins.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur, útteila verkefnum í samráði við stjórnarmenn, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.

Varaformaður

Helstu verkefni varaformanns eru:

- Í forföllum formanns tekur varaformaður við störfum hans.
- Að vera upplýstur um stöðu mála er varða sambandið.
- Koma fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Gjaldkeri

Helstu verkefni gjaldkera eru:

- Að hafa yfirsýn yfir færslu bókhalds og reikningshald sambandsins, auk ársreikninga.
Að hafa yfirsýn yfir innheimtu og sjá til þess, í samráði við framkvæmdarstjóra að skuldir séu innheimtar.
Að sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd.
- Ávöxtun lausafjár og þeirra sjóða sem sambandið hefur í vörslu sinni í samráði við framkvæmdarstjóra.
- Að setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdarstjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að hafa yfirsýn yfir þær fjáraflanir sem fram fara í nafni sambandsins.
- Að annast fjárhagsáætlanir í samstarfi við framkvæmdarstjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Ritari

Helstu verkefni ritara eru:

- Að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og fundum á vegum sambandsins þar sem ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar.
- Að setja og fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða, í samstarfi og samráði við aðra í stjórn.
- Að sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Meðstjórnandi

Helstu verkefni meðstjórnenda eru:

- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varastjórn

Helstu verkefni varastjórnar eru:

- Varamenn stjórnar eru boðaðir á alla stjórnarfundum USVH.
- Á stjórnarfundum skulu varamenn hafa sama rétt til þátttöku í umræðu og aðrir stjórnarmenn.
- Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun/afstöðu um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.
- Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.
- Til að geta sinnt skyldum sínum skulu varamenn hafa sama aðgang og fá send öll gögn sem aðalmenn fá, enda bera þeir í flestum tilvikum sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri

Starfssvið og skyldur:

- Framkvæmdastjóri skal sjá um almenn störf á skrifstofu.
- Framkvæmdastjóri annast samskipti við aðildarfélög USVH, nefndir og aðra er málefni þess varða.
- Framkvæmdastjóri annast stefnumótun stjórnar USVH í samvinnu við stjórn. Hann vinnur að framkvæmd stefnu og samþykktum stjórnar USVH og ársþing USVH í samráði við stjórn.
Framkvæmdastjóri vinnur, ásamt formanni stjórnar USVH að undirbúningi funda er varða málefni USVH og hefur umsjón með allri útgáfu.
Framkvæmdastjóri skal gæta þess að vera í nánú samstarfi við stjórn USVH og nefndir um framkvæmd mála hverju sinni.
- Hafa umsjón með daglegum rekstri USVH á milli stjórnarfunda.
- Skipuleggja stjórnarfundum og undirbúa mál sem tekin eru fyrir.

- Framkvæmdastjóri skal vísa öllum stærri ákvörðunum sem hafa áhrif á hag sambandsins til stjórnar.
- Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar.
- Framkvæmdastjóri skal minna aðildarfélög á að skila félagatali, ársreikningum og stjórnskipan í félagakerfi ÍSÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Auk þess skal framkvæmdastjóri senda inn þessi sömu gögn fyrir USVH.
- Framkvæmdastjóri er tengiliður við ÍSÍ og aðildarfélög vegna umsókna og vinnu aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Vinnureglur stjórnarfunda USVH

Fundir

Fundir eru haldnir mánaðarlega. Aukafundir eru boðaðir eftir þörfum. Fundur er formlega boðaður með a.m.k viku fyrirvara. Fundardagskrá er send út a.m.k tveimur dögum fyrir fund.

Dagskrá fundar

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Málefni fundar
4. Önnur mál
5. Fundarslit

Fundargerðir

- Halda skal fundargerð um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar.
- Í fundargerð skál skrá hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- Hverjir sitja fundinn, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
- Dagskráratríði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
- Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
- Upphaf og lok fundartíma.
- Tilhögun næsta stjórnarfundar.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu sendast stjórnar- og varastjórnarmönnum innan viku frá því að fundi lauk. Fundargerðir eru lagðar fram til staðfestingar í upphafi næsta stjórnarfundar og skulu athugasemdir og samþykktir bókast í fundargerð þess fundar. Fundargerðir eiga að vera settar inn á heimasíðu USVH, usvh.is, eftir staðfestingu stjórnar.

Formannafundir USVH

Formannafundi USVH skal halda að vori, fyrir aðalfund. Markmið fundanna eru:

- Kynning á starfi aðildarféлага.
- Kynning á starfi USVH.
- Undirbúningur fyrir ársþing USVH.
- Kynningar á verkefnum og/eða fræðsla til fulltrúa aðildarféлага.

Starfsumhverfi

Í starfsemi USVH er samþykktum stefnum ÍSÍ fylgt. Stjórn USVH sér um að kynna þær nýju stefnur sem samþykktar eru hverju sinni á íþróttapingum ÍSÍ nýjum stjórnarmönnum og aðildarfélögum sínum. Er slíkt gert á formannafundum.

Stefna USVH 2023-2027

Stefna USVH var unnin í nefndarvinnu árið 2018. Til viðmiðunar var notast við sýniseintak af Handbók fyrirmyndarfélags sem finna má á vefsíðu ÍSÍ.

Íþróttaleg stefna

- Að iðkendur nái sem bestum tókum á íþrótt sinni út frá eigin forsendum
- Að boðið sé upp á æfingar fyrir alla aldurshópa
- Að lágmarka brottfall iðkenda úr íþróttum
- Að hvetja aðildarfélög til að vera með menntaða þjálfara
- Að styrkja afreksíþróttamenn úr héraðinu svo þeir geti stundað æfingar og keppni fyrir landslið Íslands
- Að styrkja þjálfara til að mennta sig
- Að styrkja ungt og efnilegt íþróttafólk til að sækja sér reynslu og þekkingu út fyrir hérað.
- Vekja áhuga fólks á Landsmótum UMFÍ og hvetja fjölskyldur til að fara og taka þátt

Félagsleg stefna

- Að iðkendum líði vel og hafi gaman af æfingum og keppni
- Að iðkendum finnist þeir ætíð velkomnir til þátttöku í íþróttastarfi
- Að virkja foreldra til að koma að íþróttastarfi barna sinna
- Að vekja athygli á hegðunarviðmiðum og siðareglum sem ÍSÍ gefur út og hvetja félög til að framfylgja þeim
- Að iðkendur séu félagi sínu og héraði til sóma innan vallar sem utan
- Að hugsað sé fyrir aðgengi fyrir fatlaða

Fjármálaleg stefna

- Að vera með opið bókhald og hvetja aðildarfélög sín til þess sama
- Að vera ætíð með góðan og ábyrgan rekstur og að hann sé sjálfbær
- Að gera ætíð fjárhagsáætlun á hverju ári
- Að hvetja aðildarfélög sín til að vera með launaða starfsmenn og starfsfólk. Í þeim tilvikum sem um verktakagreiðslur sé að ræða að þá sé ætíð farið eftir skattalögum

Stefna í umhverfismálum

- Að hvetja til sparnaðar í akstri t.d með því sameinast um bíla þegar farið er á æfingar og/eða mót utan héraðs
- Að hvetja iðkendur til að ganga eða hjóla á æfingar
- Að allur pappír sé að öllu jöfnu losaður á sérstakar losunarstöðvar og að pappír sé notaður í sem minnstu magni
- Að ruslafötur séu sýnilegar á æfinga- og keppnissvæðum
- Að tiltekt fari fram á svæði eftir æfingar/keppnir eða aðra viðburði á vegum sambandsins
- Að hvetja til notkunar á margnota drykkjarbrúsum frekar en einnota
- Að rusl sé flokkað eftir bestu getu í hvert sinn
- Að íþróttasvæðið sé reyklaust
- Að bílar séu ekki í lausagangi við íþróttamannvirki
- Að börn og unglingar séu hvött til að drekka vatn
- Að mannvirki, áhöld og fleira þess háttar sem notað er við íþróttaiðkun séu úr góðum, umhverfisvænum og eiturefnalausum efnum

Stefna íþróttapjálfunar

Börn og ungmenni:

USVH hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi, líkamlega, sálrænt og félagslega. Með íþróttaiðkun myndi börn og ungmenni jákvæð félagsleg tengsl, þau hafi ánægju og gleði af iðkuninni, hún sé fjölbreytt, hafi forvarnargildi og sé heilsueflandi. Börn og ungmenni verði þannig meðvitaðri um eigin heilsu og öðlist þekkingu á hollum og heilbrigðum lífsháttum. Íþróttaiðkun aðstoði börn og ungmenni til að vera með gagnrýna hugsun gagnvart fyrirmyndum og samfélagsmiðlum. Hún efli samfélagsvitund, samkennd og hópanda en einblíni ekki á of mikla samkeppni.

Með skipulegri og markvissri þjálfun má skapa börnum og ungmennum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- eða alþjóðamælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku eða keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt við sitt hæfi. USVH hvetur til þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Fullorðnir:

Íþróttaiðkun efli jákvæð félagsleg tengsl, efli heilsuvernd og hafi forvarnargildi. Mikilvægt að framboð íþróttagreina sé fjölbreytt svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Með íþróttum fyrir fullorðna er verið að fjölga fyrirmyndum barna og ungmenna í samfélaginu og skapa fjölbreyttara íþróttalíf á staðnum. Ef foreldrar eru virkir aukast líkur á að börnin séu það sömuleiðis. Huga skal vel að eldri borgurum og mikilvægt að kenna að það sé aldrei of seint að byrja að hreyfa sig. USVH skal standa fyrir ýmiss konar hvatningarverkefnum til að fá fólk af stað en hægt er að gera það í gegnum verkefni á vegum ÍSÍ og UMFÍ, s.s hjólað í vinnuna og hreyfivika. USVH vill huga vel að eldri borgurum, virkja þá til hreyfingar og búa til aðstæður þar sem þeir hafa möguleika á hreyfingu. USVH hvetur til þátttöku á Landsmóti UMFÍ og Landsmóti 50+.

Stefna í fræðslu og forvarnarstarfi

Íþróttastarf er uppeldisstarf. Þar læra börn og unglingar að fylgja settum reglum og að temja sér hollar lífsvenjur. Vegna þessa eru þjálfarar mikilvægar fyrirmyndir og nauðsynlegt að þeir sinni starfi sínu með það í huga. Einnig er mikilvægt að þeir framúrskarandi íþróttamenn sem til staðar eru í héraðinu séu sýnilegir og aðgengilegir börnum og unglिंगum. Þá er nauðsynlegt að þeir geri sér grein fyrir mikilvægi sínu sem jákvæð fyrirmynd þeirra og séu viljugir til að gefa sig að þeim.

USVH hefur það að leiðarljósi að starfa eftir stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni og hvetur aðildarfélög sín til þess sama.

USVH tekur skýra afstöðu gegn neyslu allra vímuefna í tengslum við íþróttir. USVH hvetur þjálfara aðildarfélaga sinna og alla iðkendur til að forðast öll þau efni sem dregið geta úr árangri þeirra í íþróttinni og skaðað heilsu þeirra. Þjálfarar og eldri iðkendur eru fyrirmyndir yngri iðkenda bæði í orði og í verki. Sambandið hvetur þá til að standa vörð um þá miklu ábyrgð sem þeir bera gagnvart iðkendum.

USVH er andvígt allri neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna allra iðkenda, þjálfara, fararstjóra og annarra félagsmanna eða aðila sem koma að íþróttastarfi á vegum USVH. Öll neysla vímuefna hvers konar er bönnuð í tengslum við æfingar, fjölskyldumót og keppnir á vegum sambandsins. Áfengis- og/eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s. áfengissala í tengslum við íþróttakeppnir, áfengisneysla í lokahófum, reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum og áfengis- eða tóbaksauglýsingar á eða við velli eða á búningum.

Sambandið mun bregðast sérstaklega við allri vímuefnaneyslu iðkenda undir 20 ára aldri. Þá verða foreldrar félagsmanna undir 18 ára aldri undantekningarlaust látnir vita af slíkri neyslu. Kvikni grunur um neyslu ólöglegra vímuefna skulu þjálfarar hafa samráð við fagaðila, þar með talið lögreglu, um viðbrögð við slíkum málum. Viðbrögð sambandsins við brotum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð skulu miðast við að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglunum og að hann fái færi á að halda áfram starfi innan sambandsins.

Hjá sambandinu er lögð áhersla á vináttu, gagnkvæma virðingu og góð samskipti. Einelti og kynferðislegt áreiti er ekki liðið. Mikilvægt er að iðkendum finnist skemmtilegt að stunda íþróttir og að þeim líði vel. Einnig er mikilvægt að þjálfarar hvetji iðkendur með jákvæðum hætti og að iðkendur hrósi hvor öðrum þegar vel er gert. Mikilvægt er að gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti innan sambandsins, hvort sem um er að ræða samskipti milli eða innan stjórnar, þjálfara, iðkenda, foreldra/forráðamanna iðkenda, styrktaraðila eða aðra samstarfsaðila.

Ef grunur um einelti eða kynferðislegt áreiti eða ofbeldi vaknar skal tilkynna það til yfirmanns sem leitar til samskiptaráðgjafa ÍSÍ sem ráðleggur næstu skref. Kynferðisofbeldi er varða ólögráða einstaklinga er alltaf tilkynningaskyld og ber því að tilkynna lögreglu. Bæklingarnir “Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun” og “Kynferðislegt ofbeldi í íþróttum” ásamt bæklingnum “Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum” sem gefnir eru út af ÍSÍ eru leiðbeinandi fyrir þá verkferla sem ættu að fylgja í kjölfarið. USVH hvetur forsvarsmenn og starfsmenn aðildarféлага til að nýta nýja viðbragðsáætlun íþróttá- og æskulýðsstarfs ásamt því að leita til samskiptaráðgjafa við slíkar aðstæður.

Stefna í jafnréttismálum

Ungmennasambandið leggur áherslu á að innan þeirra vébanda sé gætt að almenns jafnréttis. Ekki skal gera upp á milli barna og unglunga vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, búsetu, þjóðernis, litarháttar eða kyns. Hver einstaklingur hefur þann rétt að vera metinn að eigin verðleikum. Allir iðkendur innan héraðssambandsins skulu hafa sama aðgang að aðstöðu, þjálfun og fjármagni. Stefna USVH er að gæta jafnréttis í starfi sínu og fer fram á við aðildarfélög sín að þau sinni til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar. Þetta á meðal annars við um aðstöðu, fjármagn og þjálfun. USVH hvetur aðildarfélög sín sem hafa þjálfara sem eru með jafna menntun, reynslu og aldur fái að njóta sömu kjara óháð kyni og óháð því hverja viðkomandi þjálfar. Stefna USVH er að í stjórn séu bæði karlar og konur til að tryggja að raddir beggja kynja heyrast við stjórnun héraðssambandsins.

Siðareglur USVH

Í byrjun árs 2019 var farið í að endurgera siðareglur ÍSÍ vegna #metoo umræðu sem fór fram árið áður. Nýjar siðareglur voru unnar í samvinnu meðal annars við siðfræðing. Í framhaldi af gerð siðareglna var einnig farið í að endurgera hegðunarviðmið ÍSÍ. ÍSÍ býður sambandaðilum sínum að taka upp siðareglur sínar ásamt hegðunarviðmiðum og hefur stjórn USVH samþykkt að taka upp eftirfarandi siðareglur.

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.

2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misþjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

Hegðunarviðmið USVH

Stjórn USVH hefur samþykkt að taka upp eftirfarandi hegðunarviðmið sem gerð voru af starfsmönnum ÍSÍ.

Hegðunarviðmið fyrir þjálfara

1. Komdu fram af virðingu
 - a) Komdu eins fram við alla iðkendur óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
 - b) Berðu virðingu fyrir einstaklingnum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
 - c) Berðu virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.
2. Vertu heiðarleg(ur)
 - a) Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera það líka.
 - b) Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
 - c) Gættu trúnaðar og sýndu aðgætni við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera af brýnni nauðsyn og í samræmi við lagaboð.
 - d) Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar
 - a) Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri.

- b) Leggðu þig fram þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingunni.
 - c) Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
 - d) Ýttu undir heilbrigðan lífsstíl með góðu fordæmi.
4. Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu
- a) Gerðu kröfur til þín varðandi málfar, hegðun, stundvísi, undirbúning og kennslu/þjálfun.
 - b) Sýndu íþróttinni og félaginu virðingu og virtu reglur.
 - c) Leggðu metnað þinn í starfið og leitaðu leiða til að auka við þekkingu þína.
 - d) Skipuleggðu starfið með tilliti til getu og þroska iðkenda.
 - e) Vertu óhræddur við að leita eftir samstarfi við aðra þjálfara eða sérfræðinga.
 - f) Taktu leiðtogahlutverk þitt alvarlega og nýttu stöðu þína á uppbyggilegan hátt.
 - g) Haltu iðkendum og aðstandendum upplýstum um þjálfunina.
5. Það sem er iðkandanum fyrir bestu
- a) Gættu að öryggi í umhverfi og að aðbúnaður hæfi aldri og þroska iðkenda.
 - b) Settu heilsu og heilbrigði iðkenda á oddinn og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað getur heilbrigði þeirra.
 - c) Sýndu athygli og umhyggju þeim sem orðið hafa fyrir meiðslum og þeim sem leita til þín vegna andlegrar vanlíðunnar.
 - d) Forðastu að koma þér í þá stöðu að vera einn með iðkanda.
6. Ofbeldi er ekki liðið í íþróttahreyfingunni!
- a) Vertu vakandi og beittu þér gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, kynferðislegu og andlegu.
 - b) Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
 - c) Forðastu líkamlega snertingu við iðkendur nema þar sem hún er nauðsynlegur hluti þjálfunarinnar.
 - d) Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir iðkendur

1. Komdu fram af virðingu
- a) Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnámálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
 - b) Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
 - c) Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.

- d) Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- e) Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- a) Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar og komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- b) Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- c) Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- a) Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- b) Gerðu þitt besta þannig að þú fáir sem mest út úr æfingunni.
- c) Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og hafðu það hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- d) Tileinkaðu þér heilbrigðan lífsstíl.
- e) Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Komdu fram af virðingu

- a) Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- b) Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- a) Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.
- b) Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- c) Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
- d) Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- e) Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunaárekstra.

3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd

- a) Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
- b) Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.

- c) Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu þér til framdráttar á kostnað félagsins.
 - d) Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
 - e) Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun.
 - f) Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins
- a) Þekktu lög og reglur félagsins.
 - b) Stattu vörð um anda og gildi félagsins.
 - c) Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
 - d) Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.
 - e) Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.
 - f) Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila

1. Mundu að barnið þitt er í íþróttum sín vegna, en ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum, en ekki þvinga það.
3. Hvettu öll börn, ekki bara þitt.
4. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
5. Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
6. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.
7. Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.
8. Upplýstu um stríðni, einelti eða áreitni.
9. Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.
10. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
11. Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
12. Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Fjármálastjórnun

Stefna USVH í fjármálastjórnun

Fjármálastefna USVH er að fjárhagsleg staða sé ávallt jákvæð og að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf félagsins. Rekstur skal vera hallalaus á hverju ári. Ávallt skal staðið við gerða samninga og staðið í skilum með greiðslur. Allur rekstur sambandsins skal vera sýnilegur og í samræmi við landslög.

Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjármálum sambandsins og eru allar greiðslur óheimilar án samþykkis hans. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri hafa reglubundið eftirlit með fjármálum USVH. Sambandið færir bókhald sitt samkvæmt reglugerð ÍSÍ um fjárreiður íþróttafélaga. Einnig skal fylgja bókhaldsreglum sambandsins. Reikningar verða að vera skoðaðir og áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

Fjárhagsáætlanir næsta árs skulu ávallt fylgja reikningum fyrra árs og taka mið af þeim. Fjárhagsáætlanir skal leggja fram á aðalfundi sambandsins til samþykktar. Nota skal fjárhagsáætlanir sem virkt eftirlit með fjármálum. Rekstrarárið er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Starfsskýrslu sambandsins ber að skila til ÍSÍ samkvæmt lögum.

Samskipti við aðildarfélög

USVH fylgir ákvæðum laga ÍSÍ hvað varðar samskipti við aðildarfélög. Stefnt er að því að öll aðildarfélög sem hafa kost á því verði Fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Aðildarfélög skila inn starfsskýrslum til USVH og ÍSÍ. Starfandi framkvæmdarstjóri USVH er tengiliður milli aðildarfélaga og ÍSÍ.

Lög USVH

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga, skammstafað USVH. Heimili þess og varnæping skal vera í Húnæpingi vestra. Formaður og/eða framkvæmdastjóri er málsvari sambandsins út á við í ræðu og riti.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku ungmenna- og íþróttafélaga og koma fram sem samnefnari þeirra út á við.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því:

- a) að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð eða aðildarfélög USVH fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins,
- b) að annast samstarf um íþróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs,
- c) að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt,

- d) að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði,
- e) að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs,
- f) að staðfesta lög aðildarfélaga,
- g) að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- h) að halda héraðsmót á hverju ári og ákveður héraðsþing nánar hvernig því skuli hagað, að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nytsamt og þjóðlegt er, svo sem íþróttir, félagsmál og fleira.

3. grein

Sambandssvæðið er Húnaþing vestra og eiga öll ungmennafélög og íþróttafélög í sveitarfélaginu rétt á að gerast aðilar að sambandinu. Félag sem óskar inngöngu í sambandið sendi stjórn USVH skriflega beiðni um það, undirritaða af stjórn félagsins og samþykkt á félagsfundi. Beiðninni skal fylgja afrit af lögum félagsins. Innganga í sambandið fer fram á næsta héraðsþingi, enda hafi félagið þá undirgengist samþykktir og reglur sambandsins. Lög aðildarfélaga skulu vera í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ.

Stjórn sambandsins hefur heimild til að veita félagi bráðabirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Úrsögn úr sambandinu er aðeins lögleg hafi hún verið samþykkt á löglegum aðalfundi félagsins og skal það staðfest á héraðsþingi USVH. Aðili sem gengið hefur úr USVH getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum USVH.

4. grein

Stjórnir sambandsaðila senda starfsskýrslur sínar og félagatal til USVH.

5. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn í aðalstjórn, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, en þrír eru í varastjórn. Kjörnir eru tveir skoðunarmenn og einn til vara. Kjörtímabil aðalstjórnar sé tvö ár og séu formaður og meðstjórnandi kosnir annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og ritari hitt árið.

Varastjórn, skoðunarmenn og fulltrúi á íþróttþing ÍSÍ séu kosnir til eins árs.

6. grein

Skylt er öllum félögum sambandsaðila að gegna störfum sem héraðsþingið eða stjórn kys þá til, án tillits til þess hvort þeir sitja fundinn eða ekki.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til starfa milli funda eftir því sem ástæður standa til.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og fela honum framkvæmd ýmissa verkefna.

Starfsmenn sambandsins eru ekki skyldugir til að gegna störfum lengur en tvö ár í senn og geta verið lausir jafnlangan tíma.

7. grein

Héraðsþing skal haldið fyrir 1. maí ár hvert og til þess boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara, t.d. með tölvupósti til formanna aðildarfélaganna sem þeir staðfesta móttöku á eða á annan sannanlegan hátt. Héraðsþing er aðeins lögmætt að 2/3 fulltrúa séu mættir. Formaður aðildarfélags er sjálfkjörinn á héraðsþing. Þar að auki skal hvert félag hafa rétt til að senda fulltrúa fyrir hverja 50 félaganna eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúi er aðeins löglegur á héraðsþingi hafi aðildarfélag sent félagatal inn á félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (FELIX) fyrir 1. apríl og skilað starfsskýrslu. Stjórn USVH sendir formönnum félaganna eyðublöð til útfyllingar fyrir kjörbréf, samkvæmt félagatali. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti á héraðsþingi. Ársreikningar, fjárhagsáætlun og skýrsla stjórnar skal senda aðildarfélögum, minnst viku fyrir héraðsþing. Á héraðsþingi skal taka fyrir skýrslu stjórnar og reikninga, álit kjörbréfanefndar, tillögur lagðar fyrir þingið, nefndarstörf, ályktanir nefnda, kosningar og önnur þau mál sem þingið leggur til.

8. grein

Formenn og fulltrúar aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á héraðs- og aukasþingum. En aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjörbréfanefnd skal kosin í upphafi héraðsþings. Kjörbréfanefnd úrskurðar um kjörbréf fulltrúa og lögmæti þingsins.

Á héraðsþingi skal leggja fram starfsskýrslu og endurskoða reikninga sambandsins. Reikningsárið er almanaksárið.

9. grein

Héraðsþing getur skipað nefndir til að hafa forystu um iðkun og keppni í einstökum íþróttagreinum sem stundaðar eru á svæðinu. Nefndum þessum skal afmarkað fjármagn. Skulu þær hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa í samvinnu við stjórn sambandsins. Á sama hátt getur héraðsþing falið einu eða fleiri aðildarfélögum sambandsins sama hlutverk.

10. grein

Aukasþing skal halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Til þess skal boðað með tíu daga fyrirvara. Um fulltrúatölu gilda sömu ákvæði og fyrir héraðsþing. Ákvarðanir aukasþings gilda aðeins fram að næsta héraðsþingi.

11. grein

Sambandinu verður ekki slitið nema á héraðsþingi og því aðeins að 2/3 fulltrúa þingsins samþykki þá ráðstöfun. Koma þarf fram í þingboði að slíta eigi sambandinu á þinginu. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars héraðsþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambands slit. Það þing tekur ákvarðanir um hvernig eigum sambandsins skuli varið.

12. grein

Lögum þessum verður ekki breytt nema á héraðsþingi og þá því aðeins með samþykki a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn USVH minnst þremur vikum fyrir héraðsþing og skal stjórn USVH senda tillögur sambandsaðilum til kynningar minnst tveimur vikum fyrir þing.

Á aukþingi má ekki gera laga- og reglubreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

13. grein

Lög þessi öðlast gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á héraðsþingi 14. mars 2018

Reglugerðir

Reglugerð um styrktarsjóð

1. grein

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður USVH og Húnaþings vestra.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni.

3. grein

Stjórn sjóðsins er skipuð aðalstjórn USVH á hverjum tíma.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall tekna USVH af Íslenskri getsþá, samkvæmt ákvörðun héraðsþings USVH hverju sinni ásamt framlagi sveitarfélagsins Húnaþings vestra samkvæmt gildandi samningi hverju sinni ásamt frjálsum framlögum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.

5. grein

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á hverju ári, í apríl og nóvember. Í fyrri úthlutuninni er einungis heimilt að úthluta 50% af áætluðum tekjum sjóðsins ásamt 50% af tekjuafgangi fyrra árs sé hann einhver. Í seinni úthlutuninni er heimilt að úthluta því fjármagni sem eftir er af tekjum ársins og tekjuafgangi fyrra árs sé hann einhver. Þeim fjármunum sem safnast hafa í sjóðnum og ekki hefur verið úthlutað, má nýta í sérstök verkefni á vegum USVH.

6. grein

Sjóðsstjórn skal halda gerðarbók og þar skulu skráðar allar umsóknir og afgreiðslur umsókna. Sjóðsstjórnin skal setja sér vinnureglur fyrir sjóðinn á fyrsta fundi.

7. grein

Afreksfólk, afreksefni og afrekshópar sem uppfylla að minnsta kosti annað af neðangreindum skilyrðum eiga rétt á úthlutun úr sjóðnum samkvæmt vinnureglum sjóðsins hverju sinni.

- Eru með lögheimili í Húnaþingi vestra og hafa verið með það í að minnsta kosti 1 ár.
- Hafa keppt undir merkjum USVH eða aðildarfélaganna þess í viðkomandi íþróttagrein á síðastliðnum 6 mánuðum og eru ennþá iðkandi/keppandi aðildarfélags USVH í viðkomandi grein.

8. grein

USVH auglýsir á sannanlegan hátt eftir umsóknum í styrktarsjóðinn með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Til að hljóta styrk þarf viðkomandi íþróttamaður og/eða félag að sækja um á þar til gerðu eyðublaði, samkvæmt vinnureglum sjóðsins. Sjóðsstjórnin getur einnig veitt einstakling og hóp styrk þó ekki liggi fyrir umsókn telji hún það samræmast reglugerð þessari og vinnureglum sjóðsins. Útborganir úr sjóðnum eru samkvæmt vinnureglum sjóðsins.

9. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USVH gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

10. grein

Sjóðurinn er hluti af samstæðu ársreikning USVH. Endurskoðendur USVH eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

Samþykkt á 77. Héraðsþingi USVH 14. mars 2018.

Reglugerð um íþróttamann USVH

1. grein

Árlega skulu aðildarfélag USVH, hvert um sig tilnefna að hámarki 3 íþróttamenn til kjörs á íþróttamanni ársins. Stjórn USVH getur einnig tilnefnt allt að 6 íþróttamenn til viðbótar og skal auglýst eftir ábendingum sem skulu berast stjórn fyrir 1. des á hvert. Greinargerð skal fylgja hverri tilnefningu. Þar skal koma fram nafn einstaklingsins og allur árangur skráður nákvæmt. Tilnefningum skal lokið fyrir 10. desember ár hvert og skulu þær kynntar aðildarfélagunum minnst viku fyrir kjör. Afhending viðurkenninga skal fara fram í síðasta lagi á héraðsþingi USVH ár hvert.

2. grein

Rétt til tilnefninga þarf einstaklingur að eiga lögheimili í Húnaþingi vestra eða stundar æfingar og keppir undir merkjum USVH eða aðildarfélaga þess og hafa náð 18 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna unglíng sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

3. grein

Til íþróttar teljast allar greinar íþróttar samkvæmt lögum ÍSÍ að meðtöldum starfsíþróttum þeim sem keppt er í á Landsmóti UMFÍ

4. grein

Íþróttamaður ársins fær í verðlaun farandgrip sem hann varðveitir í eitt ár. Farandgripurinn vinnst aldrei til eignar. Einnig fær hann áritaðan grip til eignar, til minja um heiðurinn.

5. grein

Stjórnarmenn USVH og stjórnarmenn aðildarfélaga USVH kjósa íþróttamann ársins. Hver þátttakandi kys þrjú menn í 1. 2. og 3 sæti. útreikningur: 1. sæti 4 stig 2. sæti 2 stig og 3 sæti 1 stig. Ef einstaklingarnir verða jafnir þá ræður fjöldi atkvæða í sæti úrslitum.

Samþykkt á 68. héraðsþingi USVH